

Dagsetning: 11.04.2023

Umsögn til velferðarnefndar vegna frumvarps um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994 (gæludýrahald), 80. mál.

Athygli okkar hefur verið vakin á frumvarpi til breytinga á lögum um fjöleignarhús er varða dýrahald sem velferðarnefnd er með til umfjöllunar. Skoðun okkar er sú að við teljum að þessi breyting sé jákvæð og yrði til mikilla bóta. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif þess á fólk að halda hunda og ketti, meðal annars að líkamleg og andleg heilsa fólks sé bættari og það nái sér fyrir eftir veikindi.

Eins og staðan er núna geta húsfélög ákveðið að banna hunda- og kattahald án ástæðu. Fólk sem óskar eftir að fá að halda hunda eða ketti geta átt á hættu að ná ekki samþykki 2/3 hluta íbúðareigenda án þess að fyrir því liggi ástæða.

Þar sem málið er til umfjöllunar hjá velferðarnefndinni viljum við undirrituð hvetja nefndina til að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp um þessar breytingar á fjöleignarhúsalögum og að Alþingi samþykki lagabreytinguna á yfirstandandi þingi.

Til að sýna fram á stuðning við þetta frumvarp hófst undirskriftarsöfnun inn á island.is þann 3. apríl 2023, þegar þetta er ritað hafa yfir 10.000 manns skrifað undir. Undirskriftarsöfnuninni mun ljúka þann 12. Apríl og verða afhent formanni velferðarnefndar í kjölfarið.

Ástrós Una Jóhannesdóttir, 180785-3459

Harpa Rós Júlíusdóttir, 140580-5039

Bryndís Bjarnadóttir, 210683-5699

Guðrún Matthildur Arnardóttir, 220880-4949

Sonja Ólafsdóttir, 280388-3789

Eyjólfur Ævar Eyjólfsson, 060357-2699

Jóna Fanney Svavarsdóttir, 010974-4969